

Alþingi
Erindi nr. P 130/48
komudagur 30.10.2003



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 29. október 2003

Efni: Umsögn BSRB um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla, 4. mál

BSRB hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla, 4. mál.

BSRB styður tillöguna og mælir með samþykkt hennar.

f.h. BSRB

Svanhildur Halldórsdóttir
Svanhildur Halldórsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 130/396
komudagur 2.12.2003

EYÞING – Samband sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum –
Strandgötu 29; 600 Akureyri; Sími 461-2733; kt. 561192-2199; Netfang eything@est.is


Akureyri 28. nóvember 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Stjórn Eyþings hefur fengið til umsagnar frá félagsmálanefnd Alþingis tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla, 4. mál. Stjórnin samþykkti eftirfarandi umsögn:

Ákveðið hefur verið að ráðast í sérstakt átak í sameiningu sveitarfélaga. Í tengslum við átakið verða unnar tillögur um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga og jafnframt tillögur um breytta tekjuskiptingu. Stjórn Eyþings telur óeðlilegt að á sama tíma og samskipti og verkaskipting ríkis og sveitarfélaga er til heildarendurskoðunar verði skipuð sérstök nefnd um sameiginlegt átak ríkis og sveitarfélaga um að gera leikskóladvöl gjaldfrjálsa. Stjórnin leggst því gegn samþykkt tillögunnar.

f.h. stjórnar Eyþings



Pétur Þór Jónasson
framkv.stjóri



Alþingi
Erindi nr. P 130/79
komudagur 6.11.2003

FÉLAG LEIKSKÓLAKENNARA
Laufásvegi 81 IS-101 Reykjavík Sími 595 1111 Fax 595 1112
fl@ki.is www.ki.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Reykjavík, 3. nóvember 2003.


Umsögn Félags leikskólakennara um tillögu til þingsályktunar um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla

130. löggjafarþing 2003–2004. Þskj. 4 – 4. mál.

Félag leikskólakennara fagnar ályktuninni og lýsir sig sammála henni. Það er eitt stefnumál Félags leikskólakennara að leikskólamenntun verði gjaldfrjáls. Öll skref sem stigin eru í þessa átt eru því að mati stjórnar Félags leikskólakennara spor í framfaraátt.

Virðingarfyllst,

f.h. Félags leikskólakennara


Björg Bjarnadóttir formaður



Alþingi
Erindi nr. Þ 130/43
komudagur 29.10.2003



Alþingi Íslendinga
b/t félagsmálanendar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

FÉLAGSMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Hafnarhúsinu v/Tryggvagötu
150 Reykjavík
Sími 545 8100, Bréfsími 552 4804
Netfang: postur@fel.stjr.is
Veffang: felagsmalaraduneyti.is

Reykjavík, 27. október 2003

Tilvísun: FEL03100062/0004/GB/--

Vísað er til erindis félagsmálanefndar, dags. 15. október 2003, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálstan leikskóla.

Ráðuneytið telur rétt að benda á að málefni leikskóla eru verkefni menntamálaráðuneytis, sbr. 3. gr. laga um leikskóla, nr. 78/1994. Telur ráðuneytið því rétt að forræði samstarfsverkefnis um gjaldfrjálstan leikskóla verði falið menntamálaráðuneytinu, verði þingsályktunartillagan samþykkt.

Jafnframt telur ráðuneytið rétt að vekja athygli félagsmálanefndar á því að í tengslum við átak í sameiningu sveitarfélaga hefur félagsmálaráðherra ákveðið að skipa nefnd sem hefur það hlutverk að gera tillögur um aðlögun tekjustofna sveitarfélaga að nýrri sveitarfélagaskipan og breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Telur ráðuneytið mikilvægt, ef þingsályktunartillagan verður samþykkt, að tryggt verði að samráð verði haft við umrædda nefnd og verkefnisstjórn sem leiðir átaksverkefnið, enda er ljóst að tillagan felur í sér mikil fjárhagsleg áhrif fyrir sveitarfélögin hér á landi.

F. h. r.

Guðjón Bragason

Þór G. Þórarinsson

Alþingi
Erindi nr. P 130/124
komudagur 13.11.2003



Alþingi Íslendinga
Ágúst Geir Ágústsson, nefndarritari
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK


Reykjavík, 5. nóvember 2003

Tilvísun: FEL03100109/0004/PGB/--

Meðfylgjandi er umsögn fjölskylduráðs sem samþykkt var á fundi þess 3. nóvember síðastliðinn um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla, 4. mál.

Fjölskylduráð tekur undir með flutningsmönnum um markmið tillögunnar að leita eftir samstöðu ríkis og sveitarfélaga um að leikskólinn verði gerður gjaldfrjáls í áföngum. Fjölskylduráð telur að þetta skref verði ekki stígið nema að fram fari ítarleg umræða um málið með heildstæðum hætti.

Drafi Siggfúsdóttir



Alþingi
Erindi nr. P 130/206
komudagur 20.11.2003

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Félagsmálanefnd Alþingis
b.t. Stefáns Á. Auðólfssonar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 19. nóvember 2003

Sam 311/2003 PS/sp
Tilv.: 215,1

Efni: Tillaga til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla.

Á fundi stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga 16. nóvember, var lagt fram bréf félagsmálanefndar Alþingis, dags. 15. október 2003, þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla, 4. mál.

Stjórnin samþykkti meðfylgjandi minnisblað um tillöguna.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri

Hjálagt: Minnisblað um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla



Minnisblað um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur ekki í hyggju að svo stöddu að gera ítarlega umsögn um þingsályktunartillöguna þar sem þar er eingöngu verið að leggja til að skipuð verði nefnd til að undirbúa og annast viðræður við sveitarfélögin um gjaldfrjálsan leikskóla. Sjónarmið sveitarfélaga munu því koma fram á þeim vettvangi ef af verður. Stjórnin leggst hins vegar ekki gegn því að umrædd nefnd verði skipuð.

Sambandið vill þó benda á að þær tölulegu upplýsingar sem fram koma í athugasemdum með þingsályktunartillögunni eru ágætar svo langt sem þær ná. Nýjustu tölur sýna þó að nú er fyrirsjáanlegt að húsaleigubætur fyrir árið 2003 verði um 1.200 milljónir en samkvæmt greinargerðinni er fjárhæðin talin vera 870 milljónir árið 2002 en var í raun 930 milljónir króna það ár.

Fram kemur í greinargerðinni að tölur um kostnað sveitarfélaganna af þessum málaflökki fyrir árið 2002 liggja fljótlega fyrir. Þessar tölur liggja nú fyrir. Með breytingum á reikningskilareglum sveitarfélaga sem tóku gildi fyrir árið 2002 er húsnæðiskostnaður tekinn með í reikninginn og þá kemur í ljós að rekstrarkostnaður leikskóla sveitarfélaga var árið 2002 rúmlega 9,2 milljarðar króna og þar við bætist kostnaður sveitarfélaga vegna einkarekinna leikskóla en nærri má geta að sá kostnaður sé um 900 milljónir króna. Heildarkostnaður sveitarfélaga árið 2002 vegna leikskóla var því um 10,1 milljarðar króna.

Þá kemur fram í greinargerðinni að innheimt leikskólagjöld hafi verið 2.400 milljónir árið 2001 og það sé sú fjárhæð sem bæta þurfi sveitarfélögunum. Í þessu sambandi verður að hafa í huga að ef þessi áform ná fram að ganga má slá því föstu að því fylgi skylda sveitarfélaga til að tryggja öllum börnum vist í leikskóla. Það mun leiða til þess að byggja þarf gríðarlegt magn leikskólarýma. Á árinu 2002 voru samkvæmt gögnum Hagstofunnar 16.282 börn í leikskólum landsins. Börn á leikskólaaldri voru hins vegar 25.149 (gert ráð fyrir að þau komi inn 10 mánaða og séu til ágústloka á 6. aldursári). Þar af leiðandi er ljóst að 8.867 börn á leikskólaaldri voru ekki með pláss í leikskóla árið 2002.

Í reglugerð nr. 225/1995, sbr. reglugerð nr. 365/2001, kemur fram að húsnæði leikskóla skuli miðað við 6,5 m² brúttó fyrir hvert barn samtímis í leikskóla utan þess tíma sem hópar skarast. Til að sinna þörfinni fyrir öll þessi 8.867 börn þyrfti því að byggja 57.635 m² af leikskólarými en slíkt myndi kosta um kr. 11,5 milljarða króna miðað við kr. 200.000 á fermetra. Þá er reksturinn eftir en gera má ráð fyrir því að langstærstur hluti þessara barna sé í yngsta aldurshópnum þar sem starfsmannafjöldi þarf að vera allt að 2,5 faldur á við elstu börnin. Kostnaður vegna reksturs þessa viðbótarrýmis verður því mun hærri en meðaltal rekstrarkostnaðar í dag. Nærri má geta að rekstrarkostnaðurinn verði um 7,5 milljarðar króna á ári að teknu tilliti til húsnæðiskostnaðar. Er þar miðað við að börnum muni fjölga um rúmlega 50% og að kostnaður vegna þeirra verði mun hærri en meðalkostnaður er í dag. Það er því eðlileg áætlun að þessi 50% fjölgun barna leiði til 75% aukningar á kostnaði sem var rúmlega 10 milljarðar króna árið 2002.

Alþingi
Erindi nr. P 130/78
komudagur 6.11.2003



SAMBANDS SVEITARFÉLAGA
Á SUÐURNESJUM
FITJUM - 260 NJARÐVIK
SÍMI 421-3768 - PÓSTHÓLF 56 - KT. 640479-0279
FAX: 421-3766

Suðurnesjum, 31.10.2003

Nefndadeild Alþingis
B/t Félagsmálanefndar Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík.

Varðar umsögn um ásamt tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla,
4. mál.

Á stjórnarfundum Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum þann 30. október 2003
var tekið fyrir erindi yðar dags. 15/10 '03 ásamt tillögu til þingsályktunar um
gjaldfrjálsan leikskóla, 4. mál.

Stjórnin tekur ekki efnislega afstöðu til frumvarpsins en telur nauðsynlegt að
hraðað verði samningum um tekju- og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Þetta tilkynnist yður þér með.

Virðingarfyllst,


Guðjón Guðmundsson, framkvæmdastjóri

SSNV. Samtök sveitarfélaga í Norðurlandskjördæmi vestra

Kt. 541292-2419. Pósthólf 130. 530 Hvammstangi. Sími: 455 2510. Fax: 455 2509. ssnv@simnet.is

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. **P** 130/44
komudagur 29.10.2003

Hvammstanga 28. október 2003.


Málefni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla.

Á fundi stjórnar SSNV sem haldinn var 24. október sl. var erindi frá Félagsmálanefnd Alþingis, dagsett 15. október sl., tekið til afgreiðslu og eftirfarandi bókun gerð:

„Tillaga til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla. 4. mál: Stjórn SSNV leggst ekki gegn því að þetta mál sé skoðað en tryggja verður að framkvæmdin verði ekki íþyngjandi fyrir sveitarfélögin.”

Þetta tilkynnist hér með.

Fyrir hönd stjórnar SSNV


Bjarni Þór Einarsson,
framkvæmdastjóri SSNV.

Alþingi
Erindi nr. P 130/110
komudagur 13.11.2003



Nefndasvið Alþingis
Félagsmálanefnd
Stefán Árni Auðólfsson
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2003

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um gjaldfrjálsan leikskóla.

Stúdentaráð Háskóla Íslands hefur tekið tillöguna til skoðunar og list ráðinu vel á hana að öllu leyti. Ef slík tillaga næði fram að ganga og verkefnið myndi skila sér í niðurfellingu leikskólagjalda yrði slíkt að sjálfsögðu til töluverðra hagsbóta fyrir barnafólk og þá sérstaklega fyrir stúdenta.

Með vinsemd og virðingu


Davíð Gunnarsson
Formaður Stúdentaráðs Háskóla Íslands

SK016
Reykjavík, 27. október 2003

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn um tillögu til þingsályktunar
um samstarfsverkefni ríkis og sveitarfélaga um gjaldfrjálsan leikskóla.
130. löggjafarþing 2003-2004.
Þskj. 4 – 4. mál.

Stúdentaráð Kennaraháskóla Íslands tók til umræðu tillögu til þingsályktunar um
gjaldfrjálsan leikskóla á fundi sínum þann 23. október 2003.

Stúdentaráð er sammála öllum meginatriðum tillögunnar, og fagnar því að
farið sé að huga að því að gera leikskóladvöl gjaldfrjásla.

F.h. Stúdentaráðs Kennaraháskóla Íslands,

Kristján B. Heiðarsson

Kristján B. Heiðarsson
3. meðstjórnandi

